

Samfélagsfræði 2019 – 2020

Öll kennsla í Grunnskólanum Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnisþætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir. Efnisþættir hæfniviðmiðanna skiptast þannig samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 196-197).

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

REYNSLUHEIM

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.

HUGARHEIMUR

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

FÉLAGSHEIMUR

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl við aðra.

2. bekkur

Nemendur 2. bekkjar fá tvo samfélagsfræðitíma á viku.

Kennari er Valgerður Sigurðardóttir.

Kennsluhættir

Öll kennsla byggist á umræðum, leikrænni tjáningu, teikniverkefnum, einstaklings og hópverkefnum og slökun. Áhersla á munnlega tjáningu og hlusta á aðra. Nærumhverfið t.d. með vettvangsferðum tengt námsefni. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru „kennsluaðferðir sem geta stuðlað að aukinni hæfni í samfélagsgreinum eru meðal annars umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfa samræðu og gagnrýna hugsun. Mælst er til að nemendur fái ávallt tækifæri til að ræða um efnið sem unnið er með og að þeir vinni sem mest saman í litlum hópum eða pörum að lausn verkefna. Nemendur öðlast hæfni til þess að fylgjast með, afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við auk þess tjá þeir sig um reynslu sína, vinnuaðferðir og niðurstöður. Niðurstöður verða settar fram á ýmsan hátt, hvort sem er munnlega, með leikrænni tjáningu, skriflega, með tölum og orðum, með aðstoð rafrænna miðla eða myndrænt. Skólalóðin og nærumhverfi er skoðað þar sem sjónum nemenda er beint að samspili manns og náttúru. Viðfangsefni eru skoðuð í fjölbreyttu samhengi og í lifandi tengslum við samfélagið. Nemendur framkvæma einfaldar athuganir og fá með því tækifæri til að upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni.

Námsgögn

Söguramminn *Blómin á þakinu*, Komdu og skoðaðu land og þjóð ásamt örðu efni frá kennara. Unnið með einkunnar orð skólans *Virðing, Vinátta og Víðsýni*.

Námsmat

Fylgst er með hvort nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru. Þjálfari með sér vönduð vinnubrögð, sýni tillitssemi við hvert annað í hópavinnu og umræðum. Auki sjálfstraust sitt og hafi frumkvæði. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.